

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Reykjanesbrautar, frá Fjarðarhrauni að Ásbraut, svæði ÓB 5.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 14. júlí 2010 breytingu á deiliskipulagi Reykjanesbrautar, frá Fjarðarhrauni að Ásbraut, svæði ÓB 5 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að skipulagsmörk breytast þannig að hluti svæðis ÓB 5 við Háahvamm og Stekkjarhvamm verður hluti af endurskoðuðu skipulagi Hvamma. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 6. ágúst 2010,*

**Málfríður Kristjánsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 23. ágúst 2010